

Leiguland með Efrí-Tungu

I	Hüslöd, 1/8	$43/1899 \times 133m^2$	=	245,92 m ²
II	Ræktæd land 9/8	143		2016,94 "
III	Ræktæd	$9/9$	143	2332,60 "
IV	- " -	$1/2$	146	4496,39 "
	Stærð Samtals			9091,88 "

μ 1:1000

Samkomulag vegna framkvæmda Ísafjarðarbæjar í Lundahverfi á Tunguskeiði í Skutulsfirði.

Þorleifur Pálsson, bæjarritari, f.h. Ísafjarðarbæjar, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði og Jóhann P. Ragnarsson, kt. 050726-7119, Efri-Tungu, Skutulsfirði, gera með sér neðangreint

SAMKOMULAG

um framkvæmdir Ísafjarðarbæjar við göturnar Birkilund, Furulund og Hnotulund í Lundahverfi i Skutulsfirði, framkvæmdir er fara inn á erfðafestuland Efri-Tungu, samkvæmt lóðaleigusamningi frá 7. mars 1950.

Ljóst er að framkvæmdir við gerð nýrra gatna í Lundahverfi, það er gatnanna Birkilundar og Furulundar, fara inn á erfðafestuland Efri-Tungu, sem og hluti lóða við þessar götur og við Hnotulund. Samkvæmt deiliskipulagi af svæðinu, samþykktu í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 11. apríl 2006, er gert ráð fyrir lóðum undir niú raðhús við Birkilund, fimm raðhús og eitt parhús við Furulund og tvö parhús við Hnotulund.

Samkomulag er á milli aðila, um að Ísafjarðarbær hafi heimild til að ganga frá gerð gatnanna Birkilundar, Furulundar og Hnotulundar, þó þannig að ekki koma til úthlutunar lóðirnar Birkilundur 10 og Furulundur 9 og framkvæmd við Birkilund styttist sem því nemur. Framkvæmdir fari því ekki austur fyrir beina línu er liggur því sem næst í norður-suður, eftir þeirri legu Furulundar. Nánar markað á teikningu, sem er fylgiskjal með samkomulagi þessu.


Jafnframt er samkomulag um, að gengið verði til samninga um nýjan lóðaleigusamning á milli Ísafjarðarbæjar og Jóhanns P. Ragnarssonar, um land fyrir Efri-Tungu, samning er tekur mið af deiliskipulaginu frá 11. apríl 2006. Frágangi þess sammings verði lokið eigi síðar en í maímánuði 2007.


Þar sem taka þarf niður girðingar og færa til vegna ofangreindra framkvæmda, mun Ísafjarðarbær sjá um á sinn kostnað og að höfðu samráði við Jóhann Pétur, að girt verði að nýju og því verki lokið áður en fé er tekið á tún á komandi hausti. Eins verði það skoðað hvort ekki beri að bæta Jóhanni P. Ragnarssyni það ræktaða land er fer undir götur og húsalóðir.

Risi mál út af samkomulagi þessu skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Af samkomulagi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit eitt handa hvorum aðila.



Ísafirði, 31. júlí 2006.

F.h. Ísafjarðarbær, með fyrirvara um
samþykkti bæjarraðs.


Porleifur Pálsson, bæjarritari.


Jóhann P. Ragnarsson.

Vottar að rétti dagsetningu og undirskrift.



Jóhann P. Ragnarsson 050757-245
Porleifur Pálsson 050438-2609

Ísafjarðarbær
MOTTAKIÐ

29 OKT. 2007

Málsnr. 2006-12-0016
Frumrit - skilist til skjalasafns

2006-12-0016

MINNISBLAÐ.

DEILISKIPULAG TUNGUSKEIÐI - ÍSAFIRÐI.

Birkilundur - Furulundur - Hnotulundur. ---- Efri-Tunga.

LUNDAHVERFI.

Í ljós hefur komið að við gerð deiliskipulags á Tunguskeiði fyrir göturnar Birkilund, Furulund og Hnotulund, þá er farið inn á erfðafestu- og leiguland Efri-Tungu. Ábuandi þar er Jóhann P. Ragnarsson. Jóhann Pétur kaupir húseignir að Efri-Tungu samkvæmt kaupsamningi dagsettum 15. júní 1959, af Guðrúnú Kristjánssdóttur. Við þessi kaup yfirtekur Jóhann Pétur lóðaleigusamning frá 7. mars 1950, er gerður var á milli bæjarstjórnar Ísafjarðar og Guðmundar R. Bjarnasonar og er vísað til þessa lóðaleigusamnings í ofangreindum kaupsamningi.

Samkvæmt lóðaleigusamningnum þá hefur jörðin Efri-Tunga í Skutulsfirði til ráðstöfunar alls 9.091,88 fermetra lands, er skiptist þannig í leiguland og leiguland með erfðafestu.

Land með erfðafestu	4.349,57 fermetrar.
---------------------	---------------------

Húslóð með erfðafestu	245,92 fermetrar.
-----------------------	-------------------

Leiguland með árs uppsagnarfresti	4.496,39 fermetrar.
-----------------------------------	---------------------

EKKI ER GREINT I LÓÐALEIGUSAMNINGI HVAÐA HLUTI LANDS ER MEÐ ERFÐAFESTU OG HVAÐ EKKI, EN MIÐAOÐ VIÐ ÁRLEGT EFTIRGJALD, SEM ER MISMUNANDI, MÆTTI RÁÐA AÐ ERFÐAFESTULANDIÐ VÆRI RÆKTAÐ LAND.

Samkvæmt samþykknu deiliskipulagi af svæðinu kemur í ljós, að við það óbreytt er Ísafjarðarbær að skipuleggja inn á leigulandið, sem nemur um 5.500 fermetrum eða tölувert umfram erfðafestulandið og er þá ekki tekið tillit til lóða nr. 11 - 21 við Furulund, en þeim lóðum er ekki ætlað að úthluta nú eftir því sem mér skilst.

Í öllu skipulagsferli á svæðinu hefur ekki verið haft samband við Jóhann Pétur um þessi mál og í raun var það hann, sem hafði samband, er farið var að mæla fyrir götum inn fyrir hans girðingar.

Til úthlutunar munu vera alls 20 lóðir við Birkilund, Furulund og Hnotulund. Í febrúar s.l. bárust umsóknir um einar 13 lóðir við Birkilund og Furulund, en afgreiðslum var frestað, þar sem ákveðið var að breyta deiliskipulagi svæðisins.

Er í ljós kom að göturnar Birkilundur og Furulundur færðu inn fyrir lóðamörk Efri-Tungu fór undirritaður í fjarveru bæjartæknifræðings í viðræður við Jóhann Pétur, um að við fengju að fara inn á hans svæði (tún). Hann hefur tekið þeirri beiðni nokkuð vel og getur sætt sig við framkvæmdir við Furulund, en telur nær sér höggvið hvað varðar framkvæmdir við Birkilund. Nú stendur málid þannig, að Jóhann Pétur samþykkir framkvæmdir á þessu svæði nú þegar, *ef framkvæmdum vegna og úthlutun á lóðunum Birkilundi 10 og Furulundi 9 verður frestað um óákveðinn tima.* Ella er hætt við að samkomulag náist ekki og ekki verði af frekari framkvæmdum og úthlutun lóða þarna á þessu ári.

Miðaoð við fjölda þeirra umsókna er bárust í febrúar s.l., er ekkert sem segi okkur að þörf sé fyrir allar þessar lóðir nú.

Að höfðu samráði við formann bæjarráðs og bæjartæknifræðing hefur verið gert samkomulag á milli Ísafjarðarbæjar og Jóhanns P. Ragnarssonar, um framkvæmdir við Birkilund, Furulund og Hnotulund. Samkomulagið er undirritað af hálfu Ísafjarðarbæjar með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Ísafirði, 2. ágúst 2006.

Þorleifur Pálsson,
bæjarritari.